

I. Inngangur

Þann 10. maí 2007 tilkynnti Novator, félag í eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar, til OMX Nordic Exchange á Íslandi, að félagið hefði ákveðið að gera yfirtökutilboð í gegnum nýstofnað eignarhaldsfélag, Novator eignarhaldsfélag ehf. (hér eftir nefnt „tilboðsgjafi“), í allt hlutfé Actavis Group hf. í A-flokki sem ekki var þegar í eigu félaga tengdum tilboðsgjafa eða í eigu Actavis Group hf. Félög tengd tilboðsgjafa eiga alls 1.296.379.823 hluti í A-flokki hlutfjár Actavis Group hf., sem nemur um 38,5% af útgefnu hlutfé í A-flokki og atkvæðisrétti í Actavis Group hf. Nánari upplýsingar um tilboðsgjafa og tengd félög er að finna í kafla III í þessu opinbera tilboðsyfirliti.

Tilboð þetta er valfrjálst tilboð í samræmi við 38. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 (hér eftir nefnd „VL“) og ákvæði kafla VI og VII laganna. Skilmálar og skilyrði tilboðsins koma fram í þessu opinbera tilboðsyfirliti.

Hluti tilboðsyfirlits þessa hefur verið unninn á grundvelli upplýsinga sem Actavis Group hf. hefur greint frá opinberlega eða upplýsingum, sem á annan hátt eru aðgengilegar á opinberum vettvangi. Tilboðsgjafi afsalar sér allri ábyrgð vegna nákvæmni eða áreiðanleika slíkra upplýsinga.

II. Félagið

Félagið sem tilboð þetta beinist að er Actavis Group hf., kt. 500269-7319, með lögheimili að Reykjavíkurvegi 76-78, 220 Hafnarfirði (í skjali þessu nefnt „Actavis“ eða „félagið“).

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem þróar, framleiðir og selur samheitalyf á alþjóðlegum markaði. Félagið var stofnað árið 1956. Á undanförunum misserum hefur Actavis vaxið hratt og á síðastliðnum sjö árum tekið yfir meira en 25 önnur félög. Á sama tíma hefur félagið viðhaldið öflugum innri vexti. Starfsmenn Actavis eru rúmlega 11.000 í yfir 30 löndum.

Hlutabréf Actavis í A-flokki eru nú skráð á Aðallista OMX Nordic Exchange á Íslandi með auðkenninu ACT. Hlutabréfin eru rafrænt skráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Hlutabréfin hafa ISIN númerið IS0000000420.

Actavis hefur einnig gefið út hlutabréf í B-flokki, að verðmæti u.þ.b. EUR 413.000.000 miðað við þann 31. desember 2006. Hlutirnir eru án atkvæðisréttar, innleysanlegir, hafa forgangsrétt og eru ekki skráðir í OMX Nordic Exchange. Tilboðsgjafi gerir ekki tilboð í hlutabréf í B-flokki félagsins. Fyrir frekari upplýsingar um hlutabréf í B-flokki er vísað til kafla XII og XVII hér að neðan.

Við lokun viðskipta þann 30. maí 2007 voru skráðir hluthafar í Actavis 4.336.

III. Tilboðsgjafi

Tilboðsgjafi er nýstofnað íslenskt félag, Novator eignarhaldsfélag ehf., kt. 650407-0590, með lögheimili að Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Tilboðsgjafi er í eigu eignarhaldsfélaga Novator samstæðunnar.

Novator er alþjóðlegt fjárfestingafyrirtæki í eigu og undir stjórn Björgólfs Thors Björgólfssonar. Novator leggur áherslu á fjárfestingar í lyfja-, fjarskipta- og fjármálageira auk fasteigna í Skandinavíu, Suður- og Austur-Evrópu.

Amber International Limited S.a.r.l. (hér eftir nefnt „Amber“) er félag, sem skráð er í Lúxemborg undir viðskipta- og fyrirtækjanúmerinu B 100 089, með lögheimili að 85-91 route de Thionville, L-2611, Lúxemborg og hefur yfir að ráða um 35,0% af útgefnu hlutfé Actavis í A-flokki. Amber er beint eða óbeint í 100% eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Givenshire Ltd S.a.r.l. (hér eftir nefnt „GS“) er félag, sem skráð er í Lúxemborg undir viðskipta- og fyrirtækjanúmerinu B 101 257, með lögheimili að 85-91 route de Thionville, L-2611, Lúxemborg, og hefur yfir að ráða um 3,5% af útgefnu hlutfé Actavis í A-flokki. Þessir hlutir eru í vörslu Landsbanki Luxembourg S.A. sem vörsluaðila fyrir GS. GS er beint eða óbeint í 100% eigu Björgólfs Thors Björgólfssonar.

Eftir að gildistími yfirtökutilboðsins rennur út er tilboðsgjafa heimilt að færa keypta hluti í félaginu til tengdra félaga innan Novator samstæðunnar.

Tilboðsgjafi er hvorki í samstarfi við né hefur gert samning eða nokkurs konar samkomulag við aðra hluthafa, starfsmenn eða stjórnendur Actavis í tengslum við yfirtökutilboð þetta.

IV. Móttakendur tilboðs

Tilboðið nær til eigenda alls þess hlutfjár Actavis í A-flokki, sem ekki er þegar í eigu félaga er tengjast tilboðsgjafa, þ.e. Amber og GS, eða teljast til eigin bréfa Actavis, sama dag og tilboðið er gert, með fyrirvara um það sem fram kemur í kafla XIX. Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Actavis við lokun viðskipta þann 30. maí 2007 munu fá þetta opinbera tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað,

afrit greiðsluábyrgðar og áletrað svarsendingarumslag til að endursenda samþykkiseyðublaðið til Landsbanka Íslands hf., sem umsjónaraðila yfirtökutilboðs þessa. Framangreind skjöl eru einnig aðgengileg hjá Landsbanka Íslands hf., sjá nánari upplýsingar um tengiliði í kafla V hér að neðan, og í gegnum fréttakerfi OMX Nordic Exchange (<http://omxgroup.com/nordicexchange>).

V. Umsjónaraðili yfirtökutilboðs

Landsbanki Íslands hf. – Fyrirtækjaráðgjöf er ráðgjafi tilboðsgjafa og umsjónaraðili yfirtökutilboðs þessa. Fyrirtækjaráðgjöf mun hafa umsjón með tilboðinu fyrir hönd tilboðsgjafa. Landsbanki Íslands hf. er jafnframt uppgjörsbanki yfirtökutilboðsins.


Afrit af þeim skjölum sem nefnd eru í kafla IV hér að framan má nálgast hjá Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík. Einnig má nálgast skjölin á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is. Þjónustuver Landsbankans veitir hluthöfum Actavis nánari upplýsingar um yfirtökutilboðið í síma 410 4000, auk þess sem hægt er að senda fyrirspurnir á tölvupóstfangið Actavis-tilbod@landsbanki.is.

VI. Tilboðsverð

Það verð sem boðið er í yfirtökutilboði þessu er EUR 0,98 í reiðufé fyrir hvern hlut í A-flokki, kvaða- og veðbandalaus. Verð þetta jafngildir kr. 85,23 fyrir samsvarandi hlut samkvæmt opinberu viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands gagnvart evru þann 9. maí 2007, einum viðskiptadegi fyrir tilkynningu um tilboðið. Tilboðsverðið er hærra en það lokagengi sem hæst hefur verið á hlutabréfum í Actavis fyrir tilkynningu um tilboðið, en slíkt lokagengi var kr. 79,4 þann 4. maí 2007. Jafnframt stóð tilboðið fyrir yfirverði sem nemur u.þ.b.:

- 9,0% miðað við gengið kr. 78,2, sem var lokagengi þann 9. maí 2007, einum viðskiptadegi fyrir tilkynningu um tilboðið.
- 15,6% miðað við gengið kr. 73,7, sem var meðaltals lokagengi þriggja mánaðanna fyrir 9. maí 2007.
- 21,2% miðað við gengið kr. 70,3, sem var meðaltals lokagengi sex mánaðanna fyrir 9. maí 2007.
- 26,2% miðað við gengið kr. 67,6, sem var meðaltals lokagengi 12 mánaðanna fyrir 9. maí 2007.

Myndin hér að neðan sýnir veltu og gengi í viðskiptum með hluti í Actavis tólf mánuðina fram til 9. maí 2007, einum viðskiptadegi fyrir tilkynningu um tilboðið.



Heimild: Bloomberg

VII. Skilyrði fyrir tilboðinu

Yfirtökutilboðið er háð eftirfarandi skilyrðum:

- 1) Að Landsbanki Íslands hf. hafi mótttekið fullgild samþykki tilboðshafa sem svara að lágmarki til 90% af útistandandi hlutafé í A-flokki Actavis þegar frestur til að samþykkja yfirtökutilboðið rennur út. Í þessu samhengi skal fullgilt samþykki talið vera fyrir hendi varðandi það hlutafé í A-flokki Actavis, sem er í eigu Amber og GS.
- 2) Að tilkynning hafi verið móttækin, sé þess þörf, frá sérhverju viðeigandi samkeppnisyfirlaldi eða eftirlitsyfirlaldi um að slíkt yfirvald muni ekki aðhafast eða vísa máli vegna tilboðs þessa til viðeigandi yfirvalda innan Evrópusambandsins eða EFTA ríkjanna. Einnig ef samþykki frá einhverju viðeigandi yfirvaldi er nauðsynlegt að slíkt samþykki hafi fengist án þess að óþarflega íþyngjandi skilyrði hafi verið lögð á tilboðsgjafa.

- 3) Að hvorki hafi orðið neikvæðar breytingar né rýrnun á rekstri, eignum, núverandi eða yfirvofandi skuldbindingum eða ábyrgðum, fjárhagslegum eða viðskiptalegum stöðutökum, né að líkur séu á ofangreindu hvað varðar eitthvert félag innan Actavis samstæðunnar, sem hefur í einhverju tilfelli eða á einhvern hátt neikvæð áhrif á Actavis samstæðuna í heild.
- 4) Að viðskipti með skráð verðbréf, sem gefin hafa verið út af Actavis og skráð í OMX Nordic Exchange á Íslandi, hafi ekki verið stöðvuð frá dagsetningu tilboðsýfirlits þessa og þar til að frestur til að samþykkja tilboðið rennur út.

Þau skilyrði sem sett eru fram í þessum kafla VII eru eingöngu til hagsbóta fyrir tilboðsgjafa. Tilboðsgjafi getur staðfest eða fallið frá þessum skilyrðum að eigin vild, hvenær sem er í heild sinni eða að hluta, allt þar til niðurstaða tilboðsins verður kynnt í samræmi við íslensk lög. Þar að auki áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að afturkalla tilboðið í samræmi við ákvæði 42. gr. VVL.

VIII. Upplýsingaskylda

Eftirfarandi er samantekt upplýsinga sem Actavis hefur birt í fréttakerfi OMX Nordic Exchange og/eða á vefsíðu félagsins www.actavis.is, á tímabilinu 28. febrúar 2007 og þar til að tilkynnt var um ætlun tilboðsgjafa að gera tilboð þetta:

- (i) 10. maí 2007 – tilkynnt um kaup Svend Andersen (framkvæmdastjóra sölu í Vestur-Evrópu, Miðaustralöndum og Afríku) á 74.000 hlutum í A-flokki þann 9. maí á genginu kr. 78,2;
- (ii) 8. maí 2007 – tilkynnt um hagnað Actavis á fyrsta fjórðungi ársins 2007 sem lauk þann 31. mars 2007;
- (iii) 3. maí 2007 – tilkynnt að Actavis hafi lokið viðræðum vegna hugsanlegra kaupa félagsins á samheitalyfjasviði lyfjafyrirtækisins Merck;
- (iv) 23. apríl 2007 – tilkynnt að Actavis hafi fengið samþykki fyrir kaupum á félaginu Arika Pharmaceuticals í Bandaríkjunum, háð því skilyrði að seld yrði frá félögunum ein vöruafurð (samheitalyfið Isradipine í töfluformi);
- (v) 4. apríl 2007 – tilkynnt að þær tillögur sem lagðar voru fram á aðalfundi Actavis hafi verið samþykktar;
- (vi) 29. mars 2007 – tilkynnt um kaup Sigurðar Óla Ólafssonar (aðstoðarforstjóra) og Mark Keatley (framkvæmdastjóra fjármála) á samtals 2.581.476 hlutum í A-flokki, að markaðsvirði um það bil EUR 2 milljónir;
- (vii) 2. mars 2007 – tilkynnt um markaðssetningu Actavis á Hydrochlorothiazide töflum í Bandaríkjunum;
- (viii) 1. mars 2007 – tilkynnt að Actavis hafi fengið samþykki bandarísku matvæla- og lyfjastofnunarinnar til að markaðssetja melt-ingarfæralyfið Ranitidine mixtúru í Bandaríkjunum. Þar sem Actavis var fyrst til að sækja um markaðsleyfi á lyfinu fékk félagið 180 daga einkarétt á sölu þess; og
- (ix) 1. mars 2007 – tilkynnt að félagið hafi verið valið til samstarfs af stærsta sambandi sjúkrasamlaga í Þýskalandi (Allgemeine Ortskrankenkassen), þar sem þýskir læknar og lyfjaverslanir mæla með 16 vörum frá Actavis.

IX. Valdar fjárhagslegar upplýsingar

Óendurskoðað árshlutauppgjör Actavis samstæðunnar fyrir þriggja mánaða tímabilið 1. janúar til 31. mars 2007 (og samanburður við sama tímabil árið á undan) og endurskoðaður ársreikningur samstæðunnar fyrir fjárhagsárið 2006 (og samanburður við fjárhagsárið 2005) voru unnin í samræmi við alþjóðlega reikningskilaða (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Valdar fjárhagslegar upplýsingar á samstæðugrunni

Þær fjárhagslegu upplýsingar sem fram koma hér að neðan eru fyrir fjárhagsárin 2006 og 2005, sem og óendurskoðaðar fjárhagslegar upplýsingar fyrir tímabilin 1. janúar til 31. mars 2007 og 1. janúar til 31. mars 2006. Þessar fjárhagslegu upplýsingar hafa verið teknar saman án efnislegra breytinga úr endurskoðuðum ársreikningi Actavis samstæðunnar, sem birtur var 28. mars 2007, og úr óendurskoðuðu árshlutauppgjöri Actavis samstæðunnar, sem birt var 8. maí 2007. Afrit af þessum gögnum má nálgast í fréttasafni Actavis á vefsíðu félagsins www.actavis.com og á vefsíðu OMX Nordic Exchange, www.omxgroup.com. Það er mælt með því að hluthafar skoði upprunalegar upplýsingar frá Actavis sem eru aðgengilegar hjá félaginu eða á vefsíðu þess.

Hluthafar ættu að lesa tilboðsýfirlit þetta í heild sinni og ekki treysta eingöngu á þær fjárhagslegu upplýsingar sem tilboðsýfirlitið hefur að geyma. Þær fjárhagslegu upplýsingar sem sýndar eru fyrir fjárhagsárið 2005 og tímabilið 1. janúar til 31. mars 2006 eru í báðum tilvikum teknar saman úr þeim upplýsingum, sem birtar eru á grundvelli upplýsingaskyldu Actavis fyrir samsvarandi fjárhagslegar upplýsingar ári síðar. Fjárfestar ættu ekki að treysta á árshlutaniðurstöður sem vísbendingu um hvers konar fjárhagslegrar niðurstöðu megi vænta frá Actavis fyrir árið í heild.

Þær fjárhagslegu upplýsingar um Actavis sem fram koma hér að neðan og eru fyrir fjárhagsárin 2006 og 2005, sem og óendurskoðaðar fjárhagslegar upplýsingar fyrir þriggja mánaða tímabilin 1. janúar til 31. mars 2007 og 1. janúar til 31. mars 2006 ætti að lesa í samhengi við viðeigandi skýringar og athugasemdir sem fram koma í endurskoðuðum ársreikningi Actavis samstæðunnar, er birtur var 28. mars 2007, og óendurskoðuðu árshlutauppgjöri Actavis samstæðunnar, er birt var 8. maí 2007. Þessar upplýsingar eru aðgengilegar á vefsíðu Actavis og vefsíðu OMX Nordic Exchange sem vísað var til hér að framan. Allar neðangreindar fjárhæðir eru í evrum nema annað sé tekið fram.

(i) Rekstrarreikningur

€ 000	1. janúar – 31. mars		1. janúar – 31. desember	
	2007	2006	2006	2005
Sala	371.729	333.056	1.339.189	551.384
Kostnaðarverð seldra vara	(217.511)	(195.362)	(788.266)	(276.470)
Framlegð	154.218	137.694	550.923	274.913
Aðrar rekstrartekjur	10.965	8.822	40.732	27.880
Sölu- og markaðskostnaður	(55.260)	(46.995)	(197.271)	(81.374)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	(21.369)	(17.115)	(66.763)	(54.289)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	(35.020)	(32.365)	(130.037)	(60.618)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	53.534	50.041	197.584	106.512
Áhrif hlutdeildarféлага	0	0	0	(1.816)
Fjármunatekjur og (fjármunagjöld)	(18.870)	(10.032)	(70.327)	(13.216)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	34.664	40.009	127.257	91.479
Tekjuskattur	(7.664)	(8.150)	(24.568)	(10.477)
Hagnaður tímabilsins	27.000	31.859	102.689	81.003
Fjárhagsupplýsingar á hvern hlut				
Hagnaður á hlut (€)	0,005	0,006	0,018	0,026
Fjöldi hluta (í milljónum)	3.369	3.355	3.369	3.355
Aðrar fjárhagsupplýsingar				
EBITDA	79.311	72.497	287.134	148.471

(ii) Efnahagsreikningur

€ 000	31/03/2007	31/12/2006	31/12/2005
Viðskiptavild	963.982	936.052	876.572
Aðrar óefnislegar eignir	515.045	504.157	467.576
Varanlegir rekstrarfjármunir	422.706	398.333	362.253
Skattainneign	75.218	68.940	49.523
Fastafjármunir	1.976.951	1.907.482	1.755.924
Birgðir	277.559	277.917	229.498
Afleiður á gangvirði	0	2.142	9.205
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	391.833	313.511	295.696
Handbært fé	88.699	78.310	99.308
Veltufjármunir	758.091	671.880	633.707
Heildareignir	2.735.042	2.579.362	2.389.632
Eigið fé	51.389	51.356	52.961
Yfirverðsreikningur	593.112	590.833	687.764
Aðrir varasjóðir	(149.949)	(112.612)	10.012
Óráðstafað eigið fé	377.555	350.623	246.597
Hlutdeild minnihlutaeigenda	18.066	9.457	10.695
Eigið fé samtals	890.173	889.656	1.008.029
Langtímalán	991.213	989.728	868.389
Lífeyrisskuldbindingar	19.059	18.487	22.878
Skuldbinding vegna fjármálaleigu	33.410	30.591	15.516
Aðrar langtímaskuldbindingar	82.720	0	0
Tekjuskattsskuldbinding	80.547	86.262	66.021
Langtímaskuldir	1.206.949	1.125.069	972.803
Skammtímalán	295.130	193.841	22.383
Skattaskuldbinding	27.013	11.279	14.127
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	300.418	350.340	367.704
Skuldbinding vegna fjármálaleigu	5.990	4.660	2.111
Framlag í afskriftareikning	9.369	4.518	2.474
Skammtímaskuldir	637.920	564.638	408.799
Heildarskuldir	1.844.869	1.689.706	1.381.603
Eigið fé og kuldir samtals	2.735.042	2.579.362	2.389.632

(iii) Fjárhagsupplýsingar settar fram á sama hátt og í óendurskoðuðu árshlutauppgjöri Actavis sem birt var þann 8. maí 2007

€ 000	1. janúar – 31. mars		1. janúar – 31. desember		
	2007	2006	2006	2005	2004
Vöxtur					
Sala	371.729	333.056	1.339.189	551.384	424.596
EBITDA	79.311	72.497	287.134	148.471	113.759
Rekstrarhagnaður	53.534	50.041	197.583	106.512	88.466
Hagnaður	27.000	31.859	102.689	81.003	64.282
Heildareignir	2.735.042	2.590.520	2.579.362	2.389.632	684.166
Rekstrarárangur					
Handbært fé frá rekstri	6.443	(4.686)	161.914	103.004	46.710
Veltufé frá rekstri	36.151	52.141	204.122	109.079	92.116
Seljanleiki og greiðsluþol					
Lausafjárhlutfall	0,8	0,9	0,8	1,0	0,8
Veltufjárhlutfall	1,2	1,4	1,3	1,6	1,2
Eiginfjárhlutfall (%)	32,5	39,6	34,5	42,2	41,2
Arðsemi					
Rekstrarhagnaður sem hlutfall af sölu (%)	14,4	15,0	14,8	19,3	20,8
Hagnaður fyrir skatta sem hlutfall af sölu (%)	9,3	12,0	9,5	16,6	17,7
Hagnaður tímabilsins sem hlutfall af sölu (%)	7,3	9,6	7,7	14,7	15,1
Markaðurinn					
Markaðsvirði (í milljónum)	2.884	2.345	2.279	2.236	1.387
V/H	43,24	28,87	35,81	28,45	21,46
V/I	3,08	2,28	2,43	2,20	4,43
Fjöldi hluta (í milljónum)	3.369	3.355	3.369	3.355	2.994
Hagnaður á hlut	0,00493	0,00589	0,01811	0,02551	0,02162
Þynntur hagnaður á hlut	0,00491	0,00587	0,01804	0,02548	0,02159

(iv) Markaðsvirði hluta í A flokki fyrir og eftir birtingu á ársuppgjöri 2006, uppgjöri fyrsta ársfjórðungs 2007 og aðrar tilkynningar (tölur í íslenskum krónum)

Viðskipti innherja – Svend Andersson kaupir 74.000 hluti á genginu 78,2 krónur á hlut þann 9. maí 2007 – Tilkynnt 10. maí 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		09.05.07	11.05.07
Lokaverð		78,2	86,5
Markaðsvirði	263.489.824.272,60		291.456.135.544,50
.....			
Uppgjör fyrsta ársfjórðungs 2007 – Tilkynnt 8. maí 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		07.05.07	09.05.07
Lokaverð		78,8	78,2
Markaðsvirði	265.511.485.328,40		263.489.824.272,60
.....			
Viðræðum við Merck lokið – Tilkynnt 3. maí 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		02.05.07	04.05.07
Lokaverð		78,7	79,4
Markaðsvirði	265.174.541.819,10		267.533.146.384,20
.....			
Samþykki bandarísku Alríkisviðskipta- stofnunarinnar (FTC) á kaupunum á Abrika – Tilkynnt 23. apríl 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		20.04.07	24.04.07
Lokaverð		79,0	78,9
Markaðsvirði	266.185.372.347,00		265.848.428.837,70
.....			
Lykilstjórnendur auka hlut sinn í félaginu – Tilkynnt 29. mars 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		28.03.07	30.03.07
Lokaverð		75,5	75,0
Markaðsvirði	254.392.349.521,50		252.707.631.975,00
.....			
Markaðssetning Hydrochlorothiazide – Tilkynnt 2. mars 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		01.03.07	05.03.07
Lokaverð		68,2	68,2
Markaðsvirði	229.795.473.342,60		229.795.473.342,60
.....			
Ranitidine mixtúra samþykkt í Bandaríkjunum – Tilkynnt 1. mars 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		28.02.07	02.03.07
Lokaverð		67,5	68,4
Markaðsvirði	227.436.868.777,50		230.469.360.361,20
.....			
Ársskýrsla 2006 – Tilkynnt 1. mars 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		28.02.07	02.03.07
Lokaverð		67,5	68,4
Markaðsvirði	227.436.868.777,50		230.469.360.361,20
.....			
Samvinna við Allgemeine Ortskrankenkassen – Tilkynnt 1. mars 2007		Tilkynnt (t-1)	Tilkynnt (t+1)
Dagsetning		28.02.07	02.03.07
Lokaverð		67,5	68,4
Markaðsvirði	227.436.868.777,50		230.469.360.361,20

Miðað við að hlutafé í A flokki sé 3.369.435.093 kr., skipt í 1 krónu hluti. Upplýsingar um gengi eru teknar af vefsíðu Actavis, www.actavis.is.

Til frekari upplýsinga vísast til endurskoðaðra ársreikninga fyrir fjárhagsárið sem lauk þann 31. desember 2006 og hægt er að nálgast á vefsíðum félagsins, www.actavis.is og www.actavis.com.

Reiknað er með að Actavis birti ársfjórðungsreikning sinn fyrir annan ársfjórðung þann 9. ágúst 2007.

X. Skýrslur greiningaraðila

Pó nokkur fjöldi greiningaraðila hefur unnið greiningu á Actavis, þar á meðal eftirtaldar fjármálastofnanir;

ABN Amro	Credit Suisse
Glitnir	JP Morgan
Kaupþing	Landsbanki
Merrill Lynch	

Greiningar íslensku bankanna (Glitnis, Kaupþings og Landsbanka) eru aðgengilegar á vefsíðum þeirra. Greiningar erlendra fjármálastofnanna eru almennt eingöngu afhentar afmörkuðum hópi, oft gegn gjaldi, en hægt er að hafa beint samband við viðkomandi fjármálastofnun og óska aðgangs.

XI. Framtíðaráætlanir

Samkeppni innan samheitalyfjageirans fer sífellt vaxandi og væntir tilboðsgjafi þess að Actavis muni mæta áframhaldandi stöðugri samkeppni frá öðrum samheitalyfjafyrirtækjum. Samheitalyfjageirinn hefur gengið í gegnum miklar breytingar á undanföllum árum. Samþjöppun er hröð, barátta um leiðandi stöðu á lykilmörkuðum hörd og verðsamkeppni eykst stöðugt. Endurbætur í heilbrigðisgeiranum, breytingar á lagaumhverfi og óvissa um lyfsöluverð, endurgreiðslur og sambærilegir þættir gætu haft neikvæðar afleiðingar fyrir eftirspurn eftir vörum félagsins. Actavis starfar í iðnaði sem lýtur ströngum reglum og þörf er á stöðugum fjárfestingum. Minniháttar misbrestur í rekstri getur haft verulega neikvæðar afleiðingar í för með sér.

Í slíku síbreytilegu og hörðu samkeppnisumhverfi telur tilboðsgjafi mikilvægt að Actavis hafi frelsi til að einbeita sér að rekstrinum. Jafnframt telur tilboðsgjafi mikilvægt að Actavis búi við þann sveigjanleika sem mun reynast mikilvægur fyrir farsæla framtíðarbyggingu félagsins. Tilboðsgjafi telur að sem óskráð félag njóti Actavis aukins sveigjanleika og búi ekki lengur búa við þær ríku kröfur og skyldur, sem lagðar eru á skráð félög, þar með talið viðvarandi upplýsingaskyldu. Tilboðsgjafi mun því óska eftir afskráningu félagsins úr OMX Nordic Exchange.

Tilboðsgjafi hefur í hyggju að fjármagna umtalsverðan hluta kaupverðsins með lánsfé, sem leiðir til þess að Actavis verður á samstæðugrundvelli verulega skuldsett að yfirtöku lokinni. Tilboðsgjafi mun beita sér fyrir enn aukinni áhættusækni í rekstri félagsins og fækka í stjórn þess. Það er mat tilboðsgjafa að sú aukna áhætta, sem fylgir slíkri skuldsetningu og stjórnunarstefnu, sé ekki heppileg fyrir almenna fjárfesta og því rétt að gefa þeim tækifæri til útgöngu áður en að slíkum breytingum kemur.

Verði Actavis óskráð félag:

- (i) búa stjórnendur Actavis við meiri sveigjanleika til að viðhalda vexti félagsins á sama tíma og tekin er upp aukin áhættusækni í rekstri og aukin skuldsetning er nýtt til vaxtar;
- (ii) verður ákvörðunartaka auðveldari, sem gerir Actavis jafnframt kleift að bregðast hratt við samkeppnisaðstæðum og auðveldar félaginu að einbeita sér eingöngu að verðmætasköpun; og
- (iii) losnar félagið undan upplýsingaskyldu og ýmsum öðrum kröfum, sem lagðar eru á skráð félög og sníða þeim þröngan stakk hvað varðar stöðuga birtingu fjárhagslegra upplýsinga.

Það er ætlun tilboðsgjafa:

- (i) að höfuðstöðvar Actavis verði áfram á Íslandi;
- (ii) að stjórn Actavis óski eftir afskráningu félagsins úr OMX Nordic Exchange;
- (iii) að leita eftir samvinnu við stjórn Actavis um að ákveða að aðrir hluthafar í félaginu skuli sæta innlausn tilboðsgjafans á hlutum sínum í samræmi við 47. gr. VVL. Að því gefnu að lágmarkinu um að samþykki sem svarar til 90% af hlutafé félagsins sé náð;
- (iv) að fækka stjórnarmönnum úr fimm í þrjá; og
- (v) að auka skuldsetta fjármögnun í rekstri félagsins.

Tilboðsgjafi hyggst ekki ráðast í verulega endurskipulagningu á rekstri félagsins umfram það sem fram kemur í tilboði þessu og fjármögnun tilboðsgjafa og félagsins getur haft í för með sér.

Tilboðsgjafi hyggst ekki gera verulegar efnislegar breytingar á samþykktum félagsins umfram það sem tilboð þetta hefur í för með sér og telja verður eðlilegt í ljósi fyrirhugaðrar afskráningar félagsins.

Tilboðsgjafi lýsir yfir eindreginni ánægju með þann mikla dugnað, kraft og útsjónarsemi, sem stjórnendur og starfsfólk Actavis hafa sýnt í gegnum tíðina. Tilboðsgjafi vonar að starfsfólk og stjórnendur bregðist vel við tilboði þessu og haldi áfram að leika lykilhlutverk í áætlunum tilboðsgjafa um framtíð Actavis. Tilboðsgjafi hefur allan hug á að styðja við bakið á stjórnendum Actavis í viðleitni þeirra að efla félagið og telur að þekking þeirra og kunnáttu, ásamt því að félagið sé óskráð, stuðli að áframhaldandi velgengni Actavis samstæðunnar. Réttur allra starfsmanna verður verndaður að fullu og tilboðsgjafi hefur á engan hátt í hyggju að gera breytingar á starfsumhverfi sem myndu hafa neikvæðar afleiðingar fyrir starfsmenn félagsins.

XII. Innlausn A hluta og innlausn B hluta

Eignist tilboðsgjafi meira en 90% hlutafjár eða atkvæðisréttar í Actavis A-flokki er það ætlun hans að leita samþykkis stjórnar félagsins fyrir því að aðrir hluthafar Actavis verði innleystir með vísan til 47. gr. VVL. Ákveði tilboðsgjafi að fara í slíka innlausn munu þeir hluthafar sem ekki hafa samþykkt yfirtökutilboð þetta á tilboðstímabilinu fá sent bréf þar sem skorað er á þá að framselja hluti sína til tilboðsgjafa innan 4 vikna. Slík áskorun mun tilgreina skilmála innlausnarinnar. Bregðist hluthafi ekki við áskoruninni mun greiðsla fyrir hluti viðkomandi hluthafa verða lögð inn á geymslugreiðslureikning í nafni viðkomandi hluthafa. Frá þeim tíma telst tilboðsgjafi eigandi þeirra hluta sem um ræðir.

Fái tilboðsgjafi samþykki fyrir minna en 90% af hlutafé Actavis í A-flokki og ákveði jafnframt að falla frá skilyrði um 90% lágmarks samþykki, eins og fram kemur í kafla VII hér að ofan áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að nýta þær leiðir sem lög leyfa til að eignast útistandandi hluti í A flokki, þar á meðal með samruna er leiðir til þess að eftirstæðir hluthafar þynnast út í heild eða að hluta.

Nái tilboðið fram að ganga og tilboðsgjafi eignast meira en 40% hluta í A-flokki, mun Actavis bera skyldu til að innleysa hluti félagsins í B-flokki í samræmi við ákvæði samþykkt félagsins.

XIII. Samþykki yfirtökutilboðs

Til að samþykkja yfirtökutilboð þetta skulu hluthafar skila rétt útfylltu samþykkiseyðublaði, sem sent hefur verið á aðsetur þeirra eins og það er skráð í hlutaskrá félagsins, til Landsbanka Íslands hf., Actavis Yfirtökutilboð, Hafnarstræti 5, 155 Reykjavík, í svarsendingarumslagi sem jafnframt hefur verið sent til hluthafa. Hluthafar geta einnig samþykkt yfirtökutilboð þetta með því að senda samþykkiseyðublaðið á faxnúmerið 410 3002 eða farið inn á vefsíðu Landsbankans, www.landsbanki.is, og notað lykilorðið sem fram kemur í bréfi til hluthafa Actavis.

Þegar samþykki yfirtökutilboðs hefur réttilega verið skilað til Landsbanka Íslands hf. er hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Actavis með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. Tilboðsgjafi telst réttur handhafi atkvæðisréttar viðkomandi hluta frá þeim tíma er hlutafjareign hans hefur verið skráð í hlutaskrá Actavis. Samþykki yfirtökutilboðsins er skuldbindandi og óafturkallanlegt nema í því tilviki að samkeppnistilboð sé lagt fram af þriðja aðila. Í slíku tilfalli er hluthöfum, sem samþykkt hafa yfirtökutilboð þetta heimilt, samkvæmt 3. mgr. 45. gr. VVL, að draga samþykki sitt til baka ef tilboðsgjafi hefur ekki tilkynnt opinberlega, áður en tilkynnt var um fyrirhugað samkeppnistilboð, að hann hafi fallið frá öllum skilyrðum, sem sett voru í tilboðinu eða að öll skilyrði hafi verið uppfyllt. Tilboðsgjafi áskilur sér þann rétt að ákveða að hvers kyns samþykki yfirtökutilboðs sem ekki er rétt útfyllt skuli teljast vera fullgilt samþykki tilboðsins.

XIV. Greiðsla og afhending hluta

Fyrir þá hluti í Actavis sem samþykkt verður að selja á grundvelli yfirtökutilboðs þessa verður greitt í formi reiðufjár í evrum inn á þann bankareikning viðkomandi hluthafa, sem tilgreindur er á samþykkiseyðublaðinu. Eftir því sem við á munu dragast frá greiðslunni gjöld vegna viðskiptanna í samræmi við viðeigandi gjaldskrár.

Eigi hluthafi ekki evrureikning mun Landsbanki Íslands hf. aðstoða við að stofna slíkan reikning fyrir viðkomandi hluthafa. Hluthafar sem vilja fá greiðslu í íslenskum krónum geta óskað eftir slíku og fengið greiðslu í íslenskum krónum samkvæmt umreikningsgengi á greiðsludegi.

Nái tilboðið fram að ganga mun uppgjör vegna yfirtekinna hluta fara fram eigi síðar en fimm viðskiptadögum eftir að gildistími tilboðsins rennur út. Uppgjör er háð því að samþykkiseyðublaðið hafi verið réttilega útfyllt og að hlutirnir séu kvaða- og veðbandalausir, sbr. yfirlit yfir viðkomandi rafrænan reikning (VS reikning) hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til að kanna sérstaklega hvort hlutir séu kvaða- og veðbandalausir áður en uppgjör fer fram.

Komi til þess að hlutir séu ekki kvaða- og veðbandalausir, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að líta svo á að tilboðið hafi ekki verið samþykkt af viðkomandi hluthafa eða semja við viðeigandi aðila um afléttingu á slíkum kvöðum og veðböndum, þ.m.t. með því að greiða viðeigandi aðila sem á lögætta og gjaldfallna kröfu á hendur tilboðshafa kaupverð hlutanna, er svarar til réttar efndar á slíkri kröfu.

Tilboðsgjafi mun geta nýtt sér atkvæðisrétt yfirtekinna hluta þegar uppgjör og afhending þeirra hefur farið fram og þegar tilboðsgjafi hefur verið skráður réttthafi í hlutaskrá félagsins.

XV. Fjármögnun

Viðskiptin verða fjármögnuð með brúarláni frá Deutsche Bank og annarri fjármögnun sem tilboðsgjafi hefur aðgang að. Gert er ráð fyrir að brúarlánið verði endurfjármagnað eftir kaupin með eigin fé og lánsfé. Deutsche Bank hefur samþykkt að ábyrgjast greiðslu fyrir hina keyptu hluti í félaginu að því marki sem áskilið er í 5. mgr. 40. gr. VVL. Að öðru leyti ber Deutsche Bank enga ábyrgð eða skuldbindingar gagnvart yfirlýsingum, sem fram koma í tilboðsskjalinu þessu. Meðfylgjandi tilboði þessu er yfirlýsing Deutsche Bank varðandi ábyrgð á greiðslu tilboðsverðsins.

XVI. Tilboðstímabil

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá kl. 9:00 þann 5. júní 2007 til kl. 16:00 þann 3. júlí 2007. Samþykki yfirtökutilboðsins verður að hafa borist Landsbanka Íslands hf., Hafnarstræti 5, 3. hæð, 155 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16:00 þann 3. júlí 2007. Hluthafar bera sjálfir ábyrgð á að samþykki yfirtökutilboðsins skili sér til Landsbanka Íslands hf. Berist samþykkiseyðublað eftir lok tilboðstímabilsins áskilur tilboðsgjafi sér einhliða rétt til að ákveða hvaða samþykkiseyðublöð verða tekin gild eftir lok tilboðstímabilsins. Yfirtökutilboðið getur verið framlengt að því marki sem heimilt er samkvæmt VL.

XVII. Hlutfé

Útgefið hlutfé Actavis í A-flokki er að nafnverði kr. 3.369.435.093 og skiptist í jafnmarga einnar krónu hluti. Hlutfé félagsins í B-flokki er EUR 10.000.000 og skiptist í 100 hluti, hvern að nafnverði EUR 100.000. Samkvæmt upplýsingum úr hlutaskrá Actavis átti Actavis við lokun viðskipta þann 30. maí 2007 168.864.509 eigin hluti, sem jafngildir um 5,01% af útgefnu hlutfé í A-flokki félagsins. Þann sama dag voru hluthafar Actavis 4.336 og tíu stærstu hluthafar félagsins voru:

Nr.	Hluthafi	Hlutfall	Fjöldi hluta
1.	Amber International Ltd.	34,95%	1.177.532.098
2.	Landsbanki Luxembourg S.A.	6,83%	230.083.697
3.	Actavis Group hf.	5,01%	168.864.509
4.	GLB Hedge	4,12%	138.713.242
5.	Straumur-Burðarás Fjárfest hf	3,79%	127.830.348
6.	Landsbanki Íslands hf.,aðalstöðv	3,59%	121.113.927
7.	LI-Hedge	3,19%	107.515.377
8.	Aceway Crop	3,07%	103.491.015
9.	Gildi-lífeyrissjóður	2,60%	87.581.702
10.	Lífeyrissjóður verslunarmanna	2,01%	67.779.414

XVIII. Ýmislegt

Tilboðsgjafa er ekki kunnugt um neina hluthafasamninga milli hluthafa félagsins.

Tilboðsgjafi hefur ekki boðið stjórnendum eða stjórnarmönnum félagsins greiðslur eða endurgjald í öðru formi en því sem þeim er boðið sem hluthöfum samkvæmt yfirtökutilboði þessu. Nái yfirtökutilboð þetta fram að ganga hyggst tilboðsgjafi bjóða stjórnendum félagsins launakjör og hlutdeild í hlutfé félagsins í samræmi við það sem eðlilegt getur talist fyrir stjórnendur fyrirtækja á borð við Actavis.

Þeim aðilum sem mótttekið hafa tilboð þetta er bent á að hlutir í A-flokki hlutfjár í Actavis eru skráðir á OMX Nordic Exchange. Actavis ber í samræmi við 59. gr. VL að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll þau atriði, sem máli skipta og telja verður að geti haft áhrif á verð bréfanna eða skylt er að gera í samræmi við reglur, sem stjórn kauphallar setur.

Þeir aðilar, sem mótttekið hafa tilboð þetta eru hvattir til að lesa allar fréttir og tilkynningar um Actavis, sem hafa verið eða verða birtar á fréttasiðu OMX Nordic Exchange (<http://omxgroup.com/nordicexchange>) á tilboðstímabilinu.

Hlutabréf í félaginu eru andlag skattlagningar líkt og greinir í lögum um tekjuskatt nr. 90/2003. Hluthöfum Actavis er ráðlagt að leita sér sérfræðiaðstoðar varðandi skattlagningu hlutabréfa frá sjálfstæðum skattaráðgjafa, sérstaklega ef þeir eru skattlagðir í annarri lögsögu en Íslandi.

Hluti tilboðsyfirlits þessa hefur verið unninn á grundvelli upplýsinga sem Actavis Group hf. hefur greint frá opinberlega eða upplýsingum sem á annan hátt eru aðgengilegar á opinberum vettvangi. Tilboðsgjafi afsalar sér allri ábyrgð vegna nákvæmni eða áreiðanleika slíkra upplýsinga.

XIX. Erlendir hluthafar

Athygli hluthafa Actavis, sem eru ríkisborgarar erlends ríkis eða búsettir utan Íslands, sem og aðila sem hafa í sinni vörslu hluti slíkra aðila og geta haft skyldu til að framsenda skjöl í tengslum við tilboð þetta til erlendra aðila, er vakin á efni þessa kafla.

Nema tilboðsgjafi ákveði annað sérstaklega og slíkt sé heimilt samkvæmt viðeigandi löggjöf þá er tilboði þessu ekki og verður ekki, beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er, beint til aðila í lögsögu sem ekki er heimilt að taka við tilboði þessu án efnislegra áhrifa á réttarstöðu tilboðsgjafa. Slíkt á við Bandaríkin, Bretland sem og önnur ríki þar sem slíkar takmarkanir kunna að gilda.¹⁾

Ef samþykki þessa tilboðs er móttakið í umslagi sem merkt er Bretlandi eða Bandaríkjunum eða öðrum ríkjum sem gætu haft efnisleg áhrif á réttarstöðu tilboðsgjafa, áskilur tilboðsgjafi sér rétt til að hafna slíku samþykki. Aðgengi hluthafa sem eru ekki búsettir á Íslandi að tilboði þessu getur verið takmarkað af ofangreindu vegna lögsögu þess ríkis sem þeir búa í. Ef hluthafar Actavis eru í vafa um ofangreint er þeim bent á að ráðfæra sig við óháðan faglegan ráðgjafa í viðkomandi lögsögu.

Það er á ábyrgð allra hluthafa sem búsettir eru erlendis sem vilja taka tilboði þessu að ganga úr skugga um að slíkt samþykki sé í fullu samræmi við þau lög og þær reglur sem gilda í viðkomandi ríki um tilboð sem þetta, þar á meðal að afla nauðsynlegra leyfa opinberra eða annarra stofnana eftir því sem við getur átt hvað snertir samþykki tilboðsins, móttöku greiðslu, skatta og önnur gjöld eða annað sem átt getur við í viðkomandi lögsögu. Allar greiðslur og gjöld í viðkomandi lögsögum eru fyrir ábyrgð viðkomandi hluthafa Actavis eða aðila sem vinna í umboði þeirra. Tilboðsgjafa skal haldið skaðlausum af öllum slíkum kröfum eða réttaráhrifum.

Afrit tilboðs þessa og tengdra skjala eru ekki og skulu ekki beint eða óbeint, með hvaða hætti sem er, vera send til Bretlands, Bandaríkjanna eða annarra ríkja þar sem slíkt gæti haft efnisleg áhrif á réttarstöðu tilboðsgjafa. Aðilar sem vilja samþykkja tilboð þetta skulu ekki senda samþykki frá slíkum lögsögum.

Tilboðsgjafi áskilur sér rétt til þess að upplýsa hluthafa í Actavis eða vörsluaðila hluta í Actavis sem tilboðsgjafi þekkir til, sem hafa skráð heimili utan Íslands, með tilkynningu í auglýsingu í einu eða fleiri dagblöðum sem gefin eru út á Íslandi um öll málefni sem varða tilboð þetta, þar á meðal um sjálft tilboðið. Slík tilkynning skal þar með talin gefin með fullnægjandi hætti til viðkomandi hluthafa.

1) Slík ríki eru til dæmis Ástralía, Kanada, Japan, sem og önnur ríki þar sem löggjöf viðkomandi ríkis getur leitt til þess að tilboðsgjafi yrði undirorpinn frekari kvöðum eða skuldbindingum en fram koma í tilboði þessu eða samkvæmt íslenskum lögum fyrir það að tilboð þetta skyldi verða sent til aðila í slíkum ríkjum, beint eða óbeint.

XX. Lög og lögsaga

Um tilboðsyfirlit þetta og alla samninga milli tilboðsgjafa og hluthafa í tengslum við yfirtökutilboðið skulu gilda íslensk lög. Allan ágreining sem kann að rísa um efni yfirtökutilboðsins skal leggja fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Reykjavík, 1. júní 2007

Novator eignarhaldsfélag ehf.



Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf.



Meðfylgjandi gögn eru:

1. Samþykkiseyðublað hluthafa
2. Áletrað svarsendingarumslag
3. Afrit af greiðsluábyrgð Deutsche Bank